

Vesturbyggð
Ármann Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. febrúar 2013
Tilvísun: UST20121200152/há

Efni: Deiliskipulag urðunarsvæðis í Vatneyrarhlíðum, Patreksfirði

Umhverfisstofnun vísar í erindi Vesturbyggðar dags 17. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar á skipulagstillögu og umhverfisskýrslu vegna urðunarstaðar í Vatneyrarhlíðum á Patreksfirði.

1. Deiliskipulagstillaga

Markmið deiliskipulags

Markmið deiliskipulagsins er að tryggja áfram starfsleyfi fyrir urðunarsvæði í Vesturbyggð sem notað verður fyrir óvirkan úrgang. Einnig að nota það efni sem fellur til urðunar til að gera svæðið öruggara en það er í dag og nota efni til að ganga frá svæðinu í áföngum og fegra.

Almennt um framkvæmdina

Deiliskipulagssvæðið er um 3,6 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir allt að 400 tonnum árlega til urðunar. Í greinagerð segir að á svæðinu sé núverandi urðunarsvæði fyrir sveitarfélagið og er svæðið í dag mikið raskað og gróðursnautt. Umhverfis svæðið er talsverður gróður einkum gras, mosi og lynggróður. Urðunarsvæðið er staðsett í aurkeilu úr tveimur mismunandi jarðlögum sem eru mislek. Á gamla urðunarsvæðinu eru lögin lekari en þar sem brotajárnsgeymslan var staðsett eru jarðlögin þéttari. Urðunarstaðurinn muni þjóna heimilum og fyrirtækjum í Vesturbyggð. Sorphirða í Vesturbyggð er þannig hátt að við öll heimili eru 240 l sorptunnur sem eru losaðar á 14 daga fresti. Söfnun endurvinnsluefnis fer fram á gámavöllum á Patreksfirði, Bíldudal og einnig Tálknafirði þar sem íbúum er gert kleift að flokka það sem til fellur. Sótt hefur verið um urðun á allt að 400 tonnum af úrgangi á ári, áætlað til 16 ára. Fjarlægð að íbúðarhverfinu við Mýrar er um 300 m.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem urðunarmagn er aukið úr 300 tonnum (samkvæmt gamla starfsleyfinu) í 400 tonn á ári er framkvæmdin tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

í viðauka 2 lið 13a segir „Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif“ .

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 gr. 12 sem fjallar um staðarval urðunarstaða segir m.a. um fjarlægð urðunarstaðar frá íbúðarbyggð: „Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum en sem nemur 500 m. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi þegar ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar vikið frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegund, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað.

Í greinargerð segir að óheimilt verði að taka á móti spilliefnum til förgunar. Óvirkum úrgangi verður komið fyrir í fláa neðan við núverandi urðunarstað. Það er gert til að tryggja stöðuleika svæðisins. Núverandi flái þykir of brattur en hann er með 60-70% halla. Fyllt verður frá vesturs til austurs í fláa og plantað og sáð í jafnóðum. Markmiðið er að ná minni halla en með þessari aðgerð verður fláinn með 50-60% halla. Austan við verður einnig urðaður óvirkur úrgangur til að jafna landið og einnig verður geymdur þar jarðvegur sem til fellur sem nýttur verður sem hula fyrir úrganginn. Gerður verður vegur í fláanum til að koma fyrir efni sem verður fjarlæggt jafnóðum og gengið verður frá svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað 4. september sl. átti söðuleikamat á urðunarhaug að liggja fyrir. Stofnuninni hefur ekki borist umrætt mat en samkvæmt reglugerð nr.738/2003 um urðun úrgangs, í viðauka 1 lið 6 segir að rekstraraðilis skuli sjá til þess að urðunarhaugur sé stöðugur.

Fram kemur í greinargerð að engar fornminjar séu á svæðinu, en gerð var athugun á fornminjum á svæðinu árið 2000.

Aðkoma að urðunarsvæðinu er frá Urðarbraut og sagt er í greinargerð að gert sé ráð fyrir girðingu umhverfis lóðina að hluta, allt að 3 m hárrí. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram á korti deiliskipulags hvar umrædd girðing kemur til með að vera.

Fráveita

Um fráveitu segir að urðunarstaðurinn verði hannaður í samræmi við reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs en einnig verður höfð hliðsjón af reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Frágangur urðunarstaðar

Í greinargerð segir að þegar urðun lýkur verður svæðið ekki lakara ásýndar en áður en framkvæmdir hófust. Sveitafélagið mun eftir lokun hafa lögbundna viðhalds- og eftirlitsskyldu með svæðinu. Frágangur urðunarstaðar verður í áföngum. Gert er ráð fyrir að landinu verði skilað í sem líkustu ástandi og áður en urðun hófst, þ.e. lagað að aðliggjandi landi. Ekki er gert ráð fyrir að urðun nái upp fyrir núverandi yfirborð lands og breytist svipmót þess því ekki að rekstri loknum. Fram kemur í greinargerð að eftir lokun urðunarstaðar má hugsanlega nýta svæðið til ræktunar. Gert er ráð fyrir að efni sem fellur til urðunar verði notað til að tryggja fláa betur og ganga frá efra svæðinu og móta landið betur að því eins og það var áður en urðun hófst. Umhverfisstofnun bendir á að í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, í 36. gr. sem fjallar um ræktun segir: „ Við túnræktun, skógrækt,

uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmót lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum“ . Umhverfisstofnun leggur til að notast verði við staðargróður sambærilegan gróður og ræktaður hefur verið á svæðinu þannig að það falli sem best inn í umhverfið.

Samræmi við skipulagsáætlanir

Í greinargerð segir að gildandi aðalskipulag Vesturbyggðar fyrir 2006-2018 gerir ekki ráð fyrir urðunarstað. Unnið er að breytingu á aðalskipulagi sem verður auglýst samhliða deiliskipulaginu en þar verður greint frá urðunarsvæðinu.

2. Matslýsing

Áhrif- og umhverfispættir

Um lykt segir að á svæðinu verður einungis óvirkur úrgangur byggingarúrgangur og því talin lítil hættu á að lykt berist frá svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að allur byggingarúrgangur flokkast ekki sem óvirkur úrgangur t.d. timbur. Stofnunin leggur því áherslu á að farið verði eftir reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, með vísan í viðauka 2 lið 2.1 sem fjallar um viðmiðanir fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti óvirkum úrgangi.

Um fok segir að hættu á foki gæti komið til í hvassviðrum. Til þess að koma í veg fyrir fok er gert ráð fyrir að daglega verði allur úrgangur þakinn jarðvegi af svæðinu.

Um sigvatn segir að vatn sem safnast undan urðunarstað verður leitt um hriplag í olíu/fítugildru, setuþró og malar-eða mósíu eða siturlögn eða annan jafngildan búnað. Umhverfisstofnun telur að koma þurfi skýrt fram í matskýrslu hvaða aðferð verði notuð við meðhöndlun sigvatns. Í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, 1. viðauka, 3. lið sem fjallar um verndun jarðvegs og vatns segir: *„Urðunarstaður verður að vera þannig staðsettur og þannig úr garði gerður að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði sem varna því að jarðvegur, grunnvatn eða yfirborðsvatn mengist og sem tryggja að sigvatni sé safnað á skilvirkan hátt í þeim tilvikum sem þess er krafist samkvæmt 2. lið og eins og kröfur þar segja til um. Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal vernda með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu meðan rekstrar-/virkniskeið varir og með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og yfirborðspéttingu meðan óvirka skeiðið varir/eftir lokun“ .*

Um gas segir að gasmyndun á svæðinu er ekki mikil og ef starfsleyfisgjafi gerir kröfur að dregið verði úr losun gastegunda frá urðunarstað verði brugðist við því með sértækum aðgerðum.

Um meindýr segir að ekki er talið að fuglar sæki mikið á svæðið þar sem einungis óvirkur úrgangur er urðaður á svæðinu.

Leyfi

Fram kemur í greinargerð að Vesturbyggð sé að sækja um endurnýjun starfsleyfis en leyfið rann út 18. desember sl. Sótt verður um leyfi fyrir urðun á óvirkum úrgangi s.s. múrbrot eða gler. Umhverfisstofnun bendir á í þessu samhengi að eftirfarandi lög og reglugerðir eiga við um starfsleyfi fyrir urðunarstaði: *„Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003*

um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs“.

Niðurstöður

Ekki er fjallað um hvað sé gert við óflokkaðan heimilisúrgang sem fellur til í Vesturbyggð, Umhverfisstofnun telur að fjalla beri um það í deiliskipulagi.


Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um stöðuleka úrgangs á urðunarstað sé ekki fullnægjandi. Einnig bendir stofnunin á að ekki er fjallað um í deiliskipulagstillögu hversu mikinn úrgang sé mögulegt að urða á svæðinu til viðbótar því sem nú þegar hefur verið urðað. Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að stöðuleiki úrgangs á urðunarstað verði tryggður og að fram komi í deiliskipulagi magn úrgangs sem mögulegt er að urða á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um botnþéttingu og jarðfræðilega tálma á urðunarsvæði sé ekki nógu ítarleg og bendir á að fjalla beri um þá þætti í deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að tegund þess úrgangs sem áætlað er að urða í Vatnseyrahlíð komi skýrt fram í matskýrslu.

Að öðru leyti en því sem framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi og matslýsingu fyrir urðunarstað í Vatnseyrarhlíðum á Patreksfirði.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur